


Andblær



K 1996

Bókmenntir og draumbókmenntir

4. hefti

Steinunn Ásmundsdóttir

Fuglinn flýgur
þversum á tímann
og er alltaf nýr
meðan
maðurinn ferðast langsum
til tíma(n)legra endaloka.

Bý í kúlu
afmarkaðs lífs
meðan aðrir hnöttir
annarra tækifæra
og lífsforma
þjóta hjá

sit þá af mér
í tímaleysi
sem þjakar mig.

Oft hefur veðurbarinn maður
með gamlar hendur gert að netum,
öldugjálfur hlegið við kinnung trillunnar
og smápatti hlaupið upp bryggjuna
með fisk í soðið til lúinnar konu.

Oft hefur þetta líf týnst
þegar úthafsöldur steyptu stömpum
og átu menn og skip
eða hvítur dauðinn rann ofan úr fjöllunum.